

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Örfirisey



<b>Dags eftirlits</b>	3.12.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Helgi Árnason	<b>Staðsetning</b>	356850,845 409700,409

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð við stöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar á eftirliti, viðhaldi og þjónustu við mengunarvarmir í stöðinni eru góðar. Magn og gerð móttekinnar úrgangsolíu, og spilliefna skráð, einnig mengunaráhöpp og viðbrögð við þeim.

Eitt mengunaráhöpp varð í stöðinni þegar tæringargat kom á svartolíulögn sem liggur út á Eyjagarð. Félögin brugðust við með því að tæma lögnina, gera við hana og þrýstiprófa auk þess sem flotgirðing og olíuupptökutæki voru í notkun utan á garðinum til þess að grípa þá olíu sem skolaðist út úr grjótinu. Félögin eru að yfirfara öll samskeyti á lögnunum, skrapa upp ryðbletti og mála í þá. Ekki verða frekari eftirmæli út af þessu.

Ein fyrirsögn barst til Umhverfisstofnunar á árinu sem hugsanlega má tengja við rekstur olíubirgðastöðvanna. Fyrirsögnin snéri að „gaslykt“ í miðbæ Reykjavíkur. Félögin í Örfirisey vinna saman í öryggisnefnd svæðisins og þar eru teknar fyrir ýmis málefni og sérstaklega kvartanir sem hugsanlega berast vegna „bensínlyktar“. Ef opna þarf bensíngeyma vegna viðhalds, er tilkynning send til heilbrigðisyfirvalda og Umhverfisstofnunar og vindátt höfð í huga til þess að valda sem minnstu ónæði.

Nýlega bárust botnþykktarmælingar á geymum T0107 og T1061 og reyndust málmþykktir í geymunum í ágætu lagi. Verið er að hreinsa geymi T0171 og verður hann að sögn botnþykktarmældur fyrir áramót og eru þá allir geymar stöðvarinnar þykktarmældir á síðustu 10 árum. Þrýstiprófanir á lögnum utan þróa bárust á árinu og hafa verið samþykktar.

Í skýrslu fulltrúa Aker Solutions á gufueyðunýtingarbúnaði stöðvarinnar (2013) kemur fram að eftir að tækið var þjónustað mældist styrkur bensínufu í útblæstri 5,54 g HC/Nm<sup>3</sup>. Fram kom í skýrslunni að nú líður að endurnýjun á búnaði í tækinu. Talað er um að sogslöngur séu orðnar lélegar og að fljótlega þurfi að skipta um CO og HC skynjara. Einnig að gúmmiagnir frá geymi nr. 12 setjist í siur tækisins. Klukka tækisins hefur verið núllstillt en stendur nú (30. júlí 2013) í 2028 klst.

Allar olíuskiljur hafa verið þjónustaðar og mælast olíuleifar ekki í fráveitu stöðvarinnar þegar notað er olíuþróf Macerey-Nagel.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi.

## ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við stöðina.

Reykjavík, 13.12.2013

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.